

Mál nr. 386/2012**M og****Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækis A og Frjálsrar ábyrgðartryggingar S****Óhapp þegar verið var að hífa timburkurlara upp á festivagn þ. 13.10.2010****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 30.8.2012 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V. Dags. 24.9.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

M ætlaði að láta flytja timburkurlara og var vörubifreiðastjórinn S fenginn til þess að ferma hann upp á festivagn vörubifreiðarinnar A sem var með krana. S fékk auk þess aðra vörubifreið með krana til að aðstoða við feringuna. Þegar S var að hífa timburkurlarann þá sökk stoðfótur A í jörina með þeim afleiðingum að A fór á hliðina og timburkurlarinn skall í jörðina og skemmdist mikið. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V og bóta úr ábyrgðartryggingu A. M telur að þar sem notast var við A við feringu og lestun og losun vörubifreiða væri þáttur í notkun vörubifreiða þá ætti M rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A sbr. 1.mgr. 88.gr. laga nr. 50/1987 umferðarlaga. Þá byggir M einnig á því að S hafi verið fenginn til verksins vegna reynslu sinnar og sérþekkingar. Ljóst hafi verið þegar til stóð að hífa timburkurlarann að hætta gat verið á því að stoðfætur vörubifreiðarinnar sykkju ofan í jarðveginn þar sem blautt hafi verið í veðri og vatnspollar höfðu myndast á svæðinu. M telur að S hafi borið að gera viðeigandi ráðstafanir m.a. setja fleka undir stoðfætur til þess að varna því að stoðfæturnir sykkju niður. Þá bendir M á að S hafi unnið verkið á eigin ábyrgð og hafi borið að tryggja M árangur af verkinu án þess að tjón yrði. Þá vísar M til dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings. V hafnar bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu S og telur tjónið ekki verða rakið til saknæmrar háttsemi vátryggingartaka eða mönnum sem hann beri ábyrgð á heldur hafi verið um óhappatilvik að ræða. V bendir á að S hafi fengið óljósar upplýsingar frá M um þyngd timburkurlarans og hefði S þá gripið til sérstakra varúðarráðstafanna með því að kalla til annað öflugt tæki til hífingar á trjákurllaranum og hafi það verið gert umfram beiðni M og hafi S sýnt sérstaka aðgæsluskyldu með því. Þá segir V að S hafi verið fenginn að starfsstöð m sem hafi verið ýmist malbikað eða með þéttum malarjarðvegi og engin ummerki á vettvangi hafi því gefið S tilefni til að ætla að grípa þyrfti til sérstakra varúðarráðstafana. Þá segir V að S hafi ekki átt val um það hvar bifreiðinni var stillt upp auk þess sem stórir plattar hafi verið undir stoðfótum A. Þá segir V að fulltrúi Vinnueftirlitsins sem kallaður hefði verið á vettvagn hefði engar athugasemdir gert við framkvæmd verksins og ekki gert skýrslu um það. Loks bendir V á að verði það niðurstaðan að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi S þá beri að skerða bætur til M vegna eigin sakar M þar sem M og starfsmenn M voru best fallnir til að þekkja aðstæður á vettvangi og hefðu þá átt að upplýsa S um aðstæður og /eða draga timburkurlarann á annað og traustara svæði. Varðandi lögboðna ábyrgðartrygginguna þá telur V að bótaskylda sé ekki fyrir hendi þar sem tjónið verði ekki rakið til sérstakrar notkunar bifreiðarinnar sem slíkrar heldur hafi tækið verið notað sem undirstaða krana og timburkurlarinn hafi legið á jörðinni og ekki hafi verið um feringu að ræða heldur hafi átt að nota tvær vörubifreiðar til að hífa trjákurllara upp og flytja hann tiltekna leið ofan á festivagn sem var vörubifreiðunum óviðkomandi. Flutningur trjákurllarans af tveim krönum upp á festivagn geti ekki fallið undir notkunarhugtak 1.mgr. 88.gr. umferðarlaga. Þá vísar V til dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings.

Álit.

Í umrætt sinn var ökumaður A ekki að ferma sitt eigið ökutæki heldur voru tveir kranar notaðir við að flytja trjáakurlara sem lá á jörðinni yfir á tengivagn. Ekki var því um að ræða þá sérstöku notkun bifreiðar sem 1.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 tekur til og tjónið því ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A.

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir í málinu um svæðið þar sem hífingin fór fram fyrir utan umsagnir aðila og ljósmyndir af vettvangi eftir að óhappið varð. Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar liggur ekki fyrir að tilefni hafi verið til þess af hálfu S að kanna sérstaklega hvernig undirlagið var eða nota sérstakan búnað svo sem fleka undir stoðfætur áður en hífing var framkvæmd. Ekki hefur verið sýnt fram á að S hafi farið gegn venjulegum verklagsreglum við hífingar í tilvikum eins og þeim sem hér ræðir um eða sýnt af sér saknæma háttsemi sem leiði til bótaskyldu af hans hálfu skv. frjálsri ábyrgðartryggingu hans hjá V. M á því ekki miðað við fyrirbyggjandi gögn rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V. M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 16.10.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.